# 566. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 10. desember 2020 og hófst hann kl. 18:00.

**Fundinn sátu:**
Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) , Guðni Ólafsson (GÓ) , Björgvin Smári Haraldsson (BSH) , Lilja Magnúsdóttir (LM) , Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 566 lögmætan.

Berglind Eir Egilsdóttir boðaði forföll og sat Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að fundargerð 50. fundar Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar, sem er með málsnúmer 2011004F verði tekin á dagskrá og var það samþykkt. Af því leiðir að mál með málsnúmer 1902411 og 1902432 verða tekin sérstaklega til afgreiðslu á fundinum.

Þá óskar oddviti eftir afbrigðum um að mál með málsnúmer 2009245 verði tekið á dagskrá og var það samþykkt.

**Dagskrá:**

1. **Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2021 - 2012396**

   Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar fyrir árið 2021. Mál frá 27.fundi Atvinnu- og hafnarráðs sem fór fram 07.12.2020.

   *Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til afgreiðslu við síðari umræðu fjárhagsáætlunar.*

2. **Fjárhagsáætlun 2021-2024 - 2007024**

   Fjárhagsáætlun 2021-2024 ásamt gjaldskrám lögð fram til síðari umræðu.

   *Afgreiðslu frestað til aukafundar sveitarstjórnar sem fer fram síðar í desember.*

3. **Samningur um styrkveitingu til almenningssamgangna - 2011327**

   Samningur Vegagerðarinnar við Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð dags. 18.11.2020 um styrkveitingu til almenningssamgangna í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi lagður fram til staðfestingar.

   *Sveitarstjórn staðfestir samninginn samhljóða.*

4. **Samningur vegna þéttbýlissamnings Vegagerðarinnar og Tálknafjarðarhrepps - 2011264**

   Samningur Vegagerðinnnar og Tálknafjarðarhrepps um veghald árið 2020 lagður fram til staðfestingar.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu samningsins þar sem fyrirhugaðar endurbætur á vegi sem stendur til að Vegagerðin skili til sveitarfélagsins eru ekki hafnar. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.*

**5. Kvóti 2020-2021 úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga - 2009245**

Bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 30.11.2020 varðandi úthlutun byggðakvóta 2020/2021. Þar er tilkynnt um að úthlutun aflaheimilda vegna byggðakvóta til Tálknafjarðar fiskveiðiárið 2020/2021 nemi 300 tonnum. Jafnframt er sveitarfélaginu gefinn kostur á að óska eftir breytingum á þegar innsendum tillögum áður en ráðuneytið tekur þær til efnislegrar meðferðar.

*Sveitarstjórn ítrekar áður innsendar tillögur um úthlutun byggðakvóta í Tálknafirði og hyggst ekki breyta þeim.*

**6. Breyting á aðalskipulagi - 1902411**

Mál frá 50. fundi Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar sem fór fram 08.12.2020 þar sem breyting á aðalskipulagi við Norður-Botn var samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar.*

**7. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432**

Mál frá 50. fundi Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar sem fór fram 08.12.2020 þar sem breyting á deiliskipulagi við Norður-Botn var samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar.*

**8. Atvinnu- og hafnarnefnd - 27 - 2012001F**

Fundargerð 27. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 07.12.2020 lögð fram til staðfestingar.

*Fundargerðin er staðfest.*

8.1 2012396 - Höfn gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2021

8.2 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021

8.3 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða

8.4 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

8.5 2009324 - Höfn eftirlit með móttökuaðstöðu

8.6 2011330 - Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 612003.

8.7 2001111 - Fundargerðir 2020 Hafnasamband

**9. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 50 - 2011004F**

Fundargerð 50. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 08.10.2020 lögð fram til staðfestingar.

*Umferðaröryggisáætlun verður lögð fyrir sveitarstjórn til umræðu og staðfestingar á nýju ári. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

9.1 2011282 - Landsskipulag

9.2 1906380 - Bygging sólstofu

9.3 1902411 - Breyting á aðalskipulagi

9.4 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn

9.5 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

9.6 2010019 - Miðtún 18, utanhússklæðning

9.7 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða

9.8 2008145 - Umferðaröryggisáætlun

9.9 2005118 - Leiðbeiningar algild hönnun utandyra

9.10 1906380 - Bygging sólstofu

9.11 1911660 - Umsókn stöðuleyfi

9.12 2011233 - Neysluvatnssýni 12.10.2020

9.13 2011248 - Ferðamannastaðir merkingakerfi fyrir ferðamannastaði og verndarsvæði

**10. XXXV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2010113**

Tillaga Grýtubakkahrepps, Tálknafjarðarhrepps og 17 annara sveitarfélaga dags. 03.12.2020 til Landsþings sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer fram 18.12.2020 lögð fram. Í tillögunni er stuðningur ítrekaður við flest meginatriði stefnumótandi áætlunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem Alþingi hefur samþykkt og jafnframt lagt til að landsþingið hafni lögfestingu íbúalágmarks sveitarfélaga.

*Lagt fram.*

**11. Samgöngur Ferjan Baldur - 2011294**

Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins dags. 26.11.2020 þar tilkynnt er um móttöku á ályktun um samgönguöryggi á sunnanverðum Vestfjörðum sem var gerð á 564. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps.

*Lagt fram.*

**12. Vinna stytting vinnuvikunnar - 2008180**

Hvatning ASÍ, BHM, BSRB, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla dags. 18.11.2020 varðandi styttingu vinnuvikunnar lögð fram.

*Lagt fram.*

**13. Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis - 2007054**

Stöðuskýrslur frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19 dags. 18.09.2020, 06.11.2020 og 24.11.2020 lagðar fram.

*Lagt fram.*

**14. Erindi Stígamóta - 2011271**

Erindi frá Stígamótum dags. 09.11.2020 lagt fram.

*Lagt fram.*

**15. Ársskýrsla Persónuverndar 2019 - 2011323**

Árskýrsla Persónuverndar fyrir árið 2019, sem er gefin út í nóvember 2020, lögð fram.

*Lagt fram.*

**16. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2020 - 2010062**

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

*Lagt fram.*

**17. Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111**

Fundargerð 428. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 13.11.2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**18. Fundargerðir 2020 Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2003389**

Fundargerðir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 59 sem fór fram 09.10.2020 og nr. 60 sem fór fram 13.11.2020 lagðar fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160**

Fundargerð 891. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 20.11.2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**20. Fundargerðir Fjallskilanefndar - 2009282**

Fundargerð 25. fundar fjallskilanefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 02.12.2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**21. Þinggerð 65 Fjórðungsþings Vestfirðinga haust 2020 - 2011350**

Þinggerð 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti sem fór fram 09.10.2020 og 10.10.2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.**

| | |
|---|---|
| Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) | Guðni Ólafsson (GÓ) |
| Björgvin Smári Haraldsson (BSH) | Lilja Magnúsdóttir (LM) |
| Nancy Rut Helgadóttir (NRH) | |